

Sp.

905. Tillaga

til þingsályktunar um seðlaútgáfurjett.

Frá fjárhagsnefnd Nd.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að leita samninga við Íslandsbanka um, að hann láti af hendi seðlaútgáfurjett sinn allan, gegn ákveðnu gjaldi, eða, ef það næst eigi, þá að hann láti af hendi, með ákveðnum skilyrðum, rjett sinn til að hindra seðlaútgáfu fram yfir $2\frac{1}{2}$ miljón, auk seðla Landsbankans.

Samningar um þessi atriði liggja undir samþykki Alþingis, og eru eigi bindandi fyr en slikt samþykki er fengið.